

Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 22. desember 2023
Kl. 10:00 – 12:00 í utanríkisráðuneytinu og á Teams

Mætt:

Þórir Guðmundsson, formaður þróunarsamvinnunefndar, Birna Þórarinsdóttir (UNICEF), Erna Bjarnadóttir (Miðflokkur, á Teams), Geir Gunnlaugsson (Háskóla Íslands, á Teams), Gísli Rafn Ólafsson (Píratar), Guðrún Margrét Guðmundsdóttir (Alþýðusamband Íslands), Halldór Halldórsson (Íslenska kalkþörungafélagið), Kristín Ólafsdóttir (Hjálparstarf kirkjunnar), Ragnar Schram (SOS barnaþorp), Sólrún María Ólafsdóttir (Rauði krossinn á Íslandi), Sjöfn Vilhelmsdóttir (GRÓ-LRT), Steinunn Þóra Árnadóttir (Vinstri græn), Þórarinn Ingi Pétursson (Framsóknarflokkur, á Teams) og Þórunn Sveinbjarnardóttir (Samfylking).

Bjarni Jónsson (Vinstri græn), Bryndís Haraldsdóttir (Sjálfstæðisflokkur), Jakob Frímagn Magnússon (Flokkur fólksins), Stella Samúelsdóttir (UN Women á Íslandi) og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (Viðreisn), boðuðu forföll.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Elín R. Sigurðardóttir og Erla Hlín Hjálmarsdóttir.

Hluta fundarins sátu að auki: Bjarni Benediktsson, Nanna Kristín Tryggvadóttir og Sara Ögmundsdóttir.

Nefndarritari: Agnes Hauksdóttir.

1. Fundur settur (10:01)

Formaður bauð nýja fulltrúa velkomna en þau Halldór Halldórsson frá Íslenska kalkþörungafélaginu, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, Birna Þórarinsdóttir frá UNICEF á Íslandi, Kristín Ólafsdóttir frá Hjálparstarfi kirkjunnar og Sólrún María Ólafsdóttir frá Rauða krossinum á Íslandi, sem tilnefndar voru af samstarfshópi frjálsra félagasamtaka í alþjóðlegu hjálparstarfi og þróunarsamvinnu, hafa nú tekið sæti í nefndinni. Formaður fór yfir dagskrá fundarins og opnaði fundinn.

2. Úttektir ársins 2023 og úttektaráætlun 2024 (10:05).

Erla Hlín Hjálmarsdóttir frá utanríkisráðuneytinu fór yfir þær úttektir sem gerðar voru á árinu 2023 en þær eru mikilvægur hluti af verklagi í þróunarsamvinnu. Farið var yfir úttektaráætlun næsta árs og þær úttektir sem stefnt er að á næstu árum. Vinna við gerð úttektarstefnu Íslands fyrir árin 2024-2028 er langt komin en hún er í meginatriðum svipuð fyrri stefnu. Fulltrúar eru hvattir til þess að koma með innlegg varðandi stefnuna, ef einhver eru. Úttektir eru mikilvægar til að hægt sé að bæta okkar starf og til þess að draga lærdóm af því sem betur mætti fara. Mikilvægt sé að verkefni hafi skýr markmið svo hægt sé að meta árangur þeirra.

Nýlega var sett upp tilkynningagátt á heimasíðu ráðuneytisins, bæði á íslensku og ensku, en þar er hægt að tilkynna um grun á hverskonar misferli á íslensku þróunarsamvinnufé. Þar er einnig

hægt að tilkynna um grun um kynbundið áreitni, misnotkun, kynferðislegt áreiti eða einelti í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð.

Í úttektum síðustu ára hefur komið fram að ein helsta áskorun Íslands í þróunarsamvinnu tengist mannauði en utanríkisþjónusta Íslands er tiltölulega fámenn og þá skapa starfstengdir flutningar starfsfólks einnig auknar áskoranir. Síðustu ár hafa stór áföll dunið yfir heiminn allann og er fyrirsjáanlegt að áframhald verði þar á. Hefur þetta óhjákvæmilega haft áhrif á þróunarsamvinnu.

Í jafningjarýni þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) kom fram að héraðsnálgun Íslands væri einn af helstu styrkleikum Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu en Ísland vinnur með héraðsnálgun í tvíhliða samstarfslöndum Íslands. Á næsta ári fagna Ísland og Malaví 35 ára samstarfsafmæli og lauk úttekt á byggðapróunarverkefni í Mangochi héraði í nóvember sl. Lögð var áhersla á að efla heilbrigðisþjónustu, bæta aðgengi að hreinu vatni, uppbyggingu grunnskóla og efnahagslega valdeflingu kvenna og ungmenna. Á verkefnatímanum hefur mæðradauði lækkað um 31% og nýburadauði lækkað um 47% frá árinu 2017. Um 390.000 manns hafa nú aðgengi að heilnæmu vatni og þrettán þúsund nemendur í tíu skólum fá nú næringarríka máltíð daglega. Á heildina litið voru niðurstöður úttektarinnar jákvæðar en Covid-19 faraldurinn setti þó strik í reikninginn og gerði það að verkum að erfiðara hefur verið að meta árangur verkefna.

Spurt var hvort að tilkynningalínan næði líka yfir íslensk félagasamtök sem styrki fá frá utanríkisráðuneytinu. Tilkynningalínan nær yfir alla samstarfsaðila Íslands, þ.á.m. þau félagasamtök sem hljóta styrki frá ráðuneytinu. Spurt var út í ferla sem notaðir væru til að fylgja eftir úttektum. Í kjölfar úttekta fara stjórnendur og hagaðilar sem eiga tilmæli í úttektinni yfir og eru beðnir um að fara yfir þau og svara. Verið er að vinna í ramma um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir spillingu.

Fulltrúi benti á að orðalag um að Íslendingar hefðu afhent Malaví sjúkrahús á Monkey Bay væri ekki rétt. Ísland hefði komið að og eftir rekstur sjúkrahússins. Einnig væru tölur um lækkun nýburadauða ekki endilega réttar.

3. Fjármál þróunarsamvinnu (10:47).

Sara Ögmundsdóttir frá utanríkisráðuneytinu fór yfir fjármál þróunarsamvinnu fyrir árið 2023. Líklegt er að 0,35% af vergum þjóðartekjum (VPT) verði veitt til þróunarsamvinnu á árinu en lokatölur liggja ekki fyrir að svo stöddu. Til samanburðar var meðaltal framlaga aðildarríkja að þróunarsamvinnunefnd OECD árið 2022, 0,36%. Á árinu hafa framlög til mannúðar- og neyðaraðstoðar stóraukist, mikið til vegna Úkraínu en í lok árs hafa bæst við aukin framlög vegna atakana á botni Miðjarðarhafs. Á síðasta ári voru gerðir rammisamningar við fjögur frjáls félagasamtök sem reynst hefur farsælt en samningarnir hafa veitt aukinn stöðugleika og fyrirsjáanleika, bæði fyrir félagasamtökin og ráðuneytið. Lögð hefur verið til aukin hækkun til Alþjóðabankans vegna Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA). Ráðuneytið stendur frammi fyrir aðhaldi í ríkisfjárlögum sem þýðir m.a. aðhald í bæði ferðakostnaði og rekstri.

Utanríkisráðuneytið hefur verið að vinna með Vinnuálastofnun vegna móttöku umsækjenda um vernd. Mikil aukning hefur verið til málaflokksins í heild og er hækkun inni í fjárlögum. Umsóknarferlið hefur tekið langan tíma og er því erfitt að sjá raunkostnaðinn. Stærstur hluti

aukins kostnaðar vegna umsækjenda um vernd á Íslandi fellur ekki undir aðferðarfræði þróunarsamvinnunefndar OECD. Fulltrúar ræddu um hvort telja ætti þennan kostnað til þróunarsamvinnu eða ekki. Gæta þurfi þess að kostnaður vegna móttöku umsækjenda um vernd taki ekki af alþjóðlegri þróunarsamvinnu heldur bætist það ofan á. Fulltrúi benti á að til þess að forðast misskilning væri auðveldara ef kostnaður vegna þessa yrði ekki talinn til þróunarsamvinnu til þess að forðast misskilning. Einhver lönd telji þetta ekki til opinberrar þróunarsamvinnu til þróunarsamvinnunefndar OECD, þó það megi. Það að telja þennan kostnað til þróunarsamvinnu auki flækjustig í okkar eigin stjórnsýslu.

Spurt var um framlög vegna ástandsins á Gaza og hvort þau hefðu verið aukin, líkt og hefur verið gert vegna Úkraínu. Auk kjarnaframlags til Palestínuflóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNRWA) hafa um 140-150 m.kr. verið lagðar til aukalega.

4. Sýn utanríkisráðherra – innlegg og umræður (11:22)

Formaður bauð utanríkisráðherra velkominn á fundinn. Utanríkisráðherra fagnar tækifæri til þess að hitta fulltrúa nefndinnar og fá að heyra hvað þeim þyki helstu styrkleikar og áskoranir Íslands í þróunarsamvinnu Utanríkisráðherra Malaví kom í heimsókn til Íslands í nóvember sl. og átti ráðherra góðan fund með henni. Þar heyrði hann frá fyrstu hendi hversu mikils virði framlag Íslands væri. Malaví væri í afar slæmri stöðu og ljóst er að landið er langt frá því að vera eina ríkið í þeirri stöðu.

Ráðherra sagðist vilja gera tvíhliða þróunarsamvinnu hærra undir höfði. Það kalli þó á aukinn mannskap og aukið eftirlit með fjármunum. Þá sé mikilvægt að Ísland haldi áfram að senda fólk til starfa í alþjóðastofnunum, sérstaklega þeim sem Ísland veitir framlög til. Það skapist þar dýrmæt þekking og reynsla. Auka þurfi aðkomu þingmanna í þróunarsamvinnu og væri t.d. hægt að senda fulltrúa utanríkismálanefndar einu sinni á ári á vettvang þróunarsamvinnu. Það gæti skilað sér í auknum skilningi og velvilja til málaflokksins og komið málum áfram á þingi.

Borin var upp spurning um hvort það stæði til að Ísland myndi ná settu markmiði um að veita 0,7% af VPT til þróunarsamvinnu. Ráðherra sagði að metnaður væri til þess að hækka þetta hlutfall en að áskorun væri að koma þessu að í fjárlögum. Slípa þurfi strúktúrinn og fyrirkomulagið áður en hægt sé að auka fjármagnið. Auk þess þurfi stofnanageta að vera til staðar til að takast á við slíkt sem og geta til að takast á við eftirlit. Ísland veiti t.a.m. mun lægri upphæðum til varnarmála en flestar aðrar þjóðir í Evrópu. Það sé hagsmunamál að málin séu leyst á þann hátt að það bitni ekki á efnahag Íslendinga með ýmsum hætti.

Spurt var út í kostnað sem fellur til hér á landi vegna móttöku umsækjenda um vernd. Sá kostnaður er flokkaður sem þróunarsamvinna til þróunarsamvinnunefndar OECD en einhver ríki gera það ekki. Stendur til að hætta að flokka þann kostnað sem þróunarsamvinnu? Ísland notast við viðurkennda staðla sem mörg önnur lönd fylgja einnig.

Spurt var um hvað Ísland geti gert í stöðunni vegna átakana á botni Miðjarðarhafs og hvernig Ísland geti lagt sig fram þrátt fyrir pólitískar flækjur. Utanríkisráðherra sagði ákveðna veikleika ríkja í alþjóðakerfinu. Þeir sáttmálar og þær samþykktir sem við erum með aðild að hafa okkur sem verndara og ekki sé til nein alþjóðalögregla sem sjái til þess að ríki fylgi þeim eftir. Hefur miklar áhyggjur af þeim hörmungum sem eru í gangi á svæðinu og vinna þurfi að langtíma friði á svæðinu og tveggja ríkja lausn. Ísland hafi aldrei viðurkennt landtöku Ísrael. Ísland hafi verið

að veita há framlög miðað við höfðatölu til Palestínuflóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNRWA).

5. Önnur mál (11:55)

Formaður bar upp drög að fundadagskrá vetrarins og lagði til að aftur væru teknir upp þematískir fundir. Næsti fundur er á dagskrá í mars og er lagt til að á þeim fundi verði fjallað um jafnréttismál.

Fundi lokið kl. 12:04.